



Framkvæmda- fréttir 13. tbl. /05

Hringtorg við Norðlingavað boðið út, sjá bls. 4



Baldur Þór Þorvaldsson
deildarstjóri á brúadeild
Vegagerðarinnar skrifar

Hvenær varð Vegagerðin til?

Þessari spurningu hefur oft verið varpað fram eins og búast má við. Mörgum þykir áhugavert að vita eitthvað um fortíðina og átta sig þar með á þeim grundvelli, sem þeir standa á. Svar við spurningunni hefur hvergi birst í riti svo höfundur þessara lína sé kunnugt og hún jafnan staðið í mönnum, einnig þeim sem hafa starfað lengi hjá stofnuninni og þekkja þar vel til bæði í nútíð og fortíð. Því væri þess virði að reyna að finna upphafsárið ef hægt væri. Vandinn er bara sá hvernig skilgreina eigi það. Áður en lengra er haldið má geta þess að Vegagerðin, sem svo heitir nú, hefur ekki borið það nafn lengur en frá árinu 1994. Áður hét stofnunin Vegagerð ríkisins eins og flestum er kunnugt. Reyndar breyttist fátt á Vegagerðarheimilinu við nafnabreytinguna og það er grunur und-

irritaðs að margir starfsmanna hafi ekki áttað sig á henni fyrr en frá leið, enda hefur varla verið meiningin að umbylta stofnuninni í einu vettfangi. Gamla nafnið kemur fyrir enn á opinberum vettvangi eins og t. d. í blaðagreinum.

Vegagerðin er sú opinbera stofnun, sem fæst við vega- og brúaf framkvæmdir ásamt rekstri og umsjón vegakerfisins á landsvísi, sem kunnugt er. Hún og forverar hennar hafa haft það verkefni að meira eða minna leyti allt frá því vegagerð hófst í landinu í upphafi tækni- og framkvæmdatíma í lok 19. aldar. Í þessu sambandi verður fyrst fyrir að geta þess að árið 1893 réðu stjórnvöld til starfa fyrsta sinni „verkfróðan mann“^{1A}. Það var Sigurður Thoroddsen, sem þá var nýlega útskrifaður frá Fjöllistaskólanum í Kaupmannahöfn þ. e. Den Polytekniske Læreanstalt, sem var forveri tækniháskólans í nútímanum. Það var í fagi, sem var nýtt fyrir mönnum hér á landi. Það nefndist fljótlega verkfræðingur^{B2}. Eftir aldamótin nefndist staða Sigurðar verkfræðingur landsins^{C3} og var reyndar oft kallað landsverkfræðingur. Það var í upphafi aðeins starf eins manns til ráðgjafar stjórnvöldum um verklegar framkvæmdir. Hann fékkst við mannvirkjagerð einkum á sviði vega- og brúamála. Sigurður átti heldur á brattann að sækja í störfum sínum eins og oft er með frumherja^{D4}.

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 13. tbl. 13. árg. nr. 402 17. maí 2005

Ritstjórn
og umsjón útgáfu:
**Víktor Arnar
Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: **Gutenberg**

Ósk um áskrift sendist til:
Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
(bréfsími 522 1109)
eða **vai@vegag.is**

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.

Árið 1894 voru sett lög um vegi og þeim „skipt í þessa flokka:

- 1) flutningabrautir, sem aðalvörumagn helztu héraða skyldi flutt um,
- 2) þjóðvegi, sem skyldu vera aðalpostleiðir,
- 3) fjallvegi,
- 4) sýsluvegi, er skyldi liggja sýslna milli,
- 5) hreppavegi.^{4E5}

Í lögum sagði: „*Flutningabrautir, þjóðvegir og fjallvegir eru undir yfirumsjón landshöfðingja, og greiðist kostnaður til þeirra yfir höfuð úr landssjóði.*“^{4E6} Hinir vegirnir voru kostaðir af sýslum og hreppum. Einnig sagði í lögum: „*Svo skal vegi gjöra á flutningabrautum, að vel sjeu akfærir hlöðnum vögnum á sumrum; vegagjörðinni skal landshöfðingi ráðstafa eptir tillögu vegfróðs manns eða vegfræðings landsins, ef slíkur verður skipaður.*“^{4E7} Samkvæmt þessu virðist þarna óljóst með hlutverk eða starfsheiti verkfræðingsins, sem ráðinn hafði verið árið áður. Forysta í uppbyggingu veganna varð samt fljótt hjá honum, því helsta verkefni hans var einmitt að fjalla um vegina. Árið 1905 tekur Jón Þorláksson við embættinu af Sigurði. Árið 1906 kemur Thorvald Krabbe til liðs við Jón. Það virðist hafa verið ákveðin verkaskipting milli þeirra því Jón fékkst við vegi og brýr, en Krabbe við vitamálin.

Vegalög frá 1907, sem Jón hafði unnið að, voru með breyttum viðhorfum, því miðað var við að fækka eiginlegum reiðvegum en þess í stað að gera vegina akfæra og í lögum stóð: „*Flutningabrautir skal fullgjöra á kostnað landssjóðs. Á flutningabrautum skal brúa öll vatnsföll, að svo miklu leyti sem það álist kleift; brautirnar skulu vera svo gjörðar að vel sjeu færar hlöðnum vögnum, en að öðru leyti ákveður stjórnarráðið með ráði verkfræðings þess, sem skipaður er til að stjórna vegagjörðum, gjörð þeirra í einstöku tilfelli.*“^{4E8} Það sama gildi fyrir „akfæra þjóðvegi“^{4E9}. Sýslurnar skyldu annast viðhald vega innan marka sinna en þó voru á því fáeinar undantekningar. Í lögum sagði ennfremur: „*Stjórnarráð Íslands hefur yfirstjórn allra þeirra vegagjörða og þess vegaviðhalds, sem er kostað af landssjóði að nokkru eða öllu leyti. Til þess að stjórna framkvæmdum í þessum málum skal skipa landsverkfræðing og fá honum fasta verkfróða aðstoðarmenn eptir þörfum.*“^{4E10}

Jón Þorláksson var framsýnn og framkvæmdamaður og varð framlag hans til málaflokksins mikið. Auk þess að veita stjórnvöldum ráðgjöf hóf hann að beita sér í framkvæmdum. Hann hafði ráðið verkstjóra við ákveðin verkefni fljótlega eftir að hann hóf störf, eins og t.d. vegna komu Friðriks 8. Danakonungs til landsins 1907. Á vegum embættisins hafði verið komið upp Stálsmiðju vegagerðanna, sem síðar varð Landssmiðjan, þar sem unnið var stál til brúarsmiða þ.e. að efna það niður og bora fyrir samsetningum. Jón stóð fyrir að keypt voru tæki og verkfæri til vinnslunnar og þá hófst framleiðsla á grindarbitum í brýr af krafti. Hann tók einnig að sér að hafa umsjón með framkvæmd einstakra verkefna eins og brúarsmið á Ytri-Rangá 1912.

Árið 1911 hóf Geir Zoëga störf hjá verkfræðingi landsins og Jón Þorláksson sagði síðan af sér 1917. Það ár var „stofnað embætti vegamálastjóra, enda vegagerð þá orðin það umsvifa- og veigamikil fyrirtæki, að ekki þótti vanþörf á að yfirmaður hennar gæti helgað sig henni einni.“^{4E11} Hvernig það embætti fer af stað formlega innan lagarammans liggur ekki ljóst fyrir, en vega- og brúamál annars vegar og vitamál hins vegar skiljast alveg að og verða undir stjórn síthvorts stjórans. Það virðist hafa verið staðfesting á því, sem verið hafði í

reynd allt frá því landsverkfræðingarnir urðu tveir, þ.e. að þessir málaflokkar væru aðskildir. Í frumvarpi um vegabætur frá 1917 er enn talað um landsverkfræðing^{4E12}. Árið 1914 hafði orðið til Vitamálskrifstofa sem hluti af embætti landsverkfræðings eða öllu heldur sá hluti þess, sem Krabbe hafði með að gera^{4E13}. Í fjárlögum 1915 (fyrir árin 1916-17) er undir liðnum fyrir vegamál fyrstur talinn verkfræðingur landins, en í vitamálunum er efstur á blaði umsjónarmaður vitanna^{4E14} og er þar bersýnilega átt við þann, sem stjórnaði þar (Thorvald Krabbe) og virðist starfsheiti hans þá ekki hafa verið alveg á hreinu. Í fjárlögum 1917 (fyrir árin 1918-19) er aftur á móti, undir sömu liðum, nefndir til vegamálastjóri og vitamálastjóri^{4E15}. Krabbe var vita- og hafnamálastjóri frá 1918^{4E16}.

Í þingögnum fyrir árið 1916 segir: „2. des. skipaði ráðherra aðstoðarverkfræðing Geir G. Zoëga verkfræðing landsins frá 1. feb. 1917 að telja.“^{4E17} Fyrir árið 1917 er einkis getið í þingögnum um embætti eða mannráðningar í vegamálunum, en 1918 segir aftur á móti frá því að „2. apríl var cand. polyt. L. Blok skipaður aðstoðarmaður vegamálastjórans frá 1.s.m.“^{4E18} Í greinargerð þinggagna árið 1918 er minnst á vegamálastjóra^{4E19} og í lögum um brúargerðir frá 1919 er hann einnig nefndur til^{4E20}, svo nafngiftin á embættinu virðist hafa fest fljótt í sessi. Það er því að sjá að starfsheitið vegamálastjóri hafi komið fram árið 1917 og átti við embættismanninn, sem stjórnaði vegamálum í landinu með þeirri stofnun, sem heyrði þar undir, en lögformlega virðist hafa verið gengið frá því síðar, sem getur um í greininni hér aftar. Geir Zoëga varð fyrsti vegamálastjórinn og gegndi því starfi til ársins 1956 eða á 39. ár, sem verður að teljast langur tími í svo viðamiklu starfi.

„Á Alþingi 1919 voru sett sérstök lög um brúargerðir. Í lögum voru tilgreindar þær brýr, er byggja skyldi.“^{4E21} Þar „var landsstjórninni heimilað að láta gera á þjóðvegum, eftir því sem fé yrði veitt til, rúmlega 30 brýr, 10 metra langar eða lengri og um 20 minni brýr, svo og að endurbyggja gamlar brýr á nokkrum stöðum.“^{4E22} Alls voru í lögum nefndar 70 brýr, sem þarna var um að ræða^{4E23}. Á árunum um 1920 eignaðist embætti vegamálastjóra ýmis tæki til vegagerðar^{4E24}, þannig að stofnunin var orðin fær um að sinna framkvæmdum með eigin tækjakosti sérhæfðum til þeirra verka.

Ný vegalög komu síðan 1924 eftir tillögum vegamálastjóra. „Þá var sú breyting orðin á umferðinni, að ferðalög á hestum eftir fjölförnum vegum landsins voru að þverra, en bifreiðar komnar til sögunnar.“^{4E25} Einnig þá „var í fyrsta sinn tekið í lög ákvæði um sjálfstæða vegamálastjórn og mælt fyrir að skipa skyldi vegamálastjóra og fá honum aðstoðarmenn eftir þörfum, en slíkur embættismaður hafði þá reyndar starfað um alllangt skeið.“^{4E26} sbr. það, sem segir hér á undan. Í lögum sagði: „*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið hefir yfirstjórn allra vegamála. Til þess að stjórna framkvæmdum í þessum málum er skipaður vegamálastjóri, og skal fá honum aðstoðarmenn eftir þörfum.*“^{4E27} Gerð veganna var almennt orðuð: „*Allir vegir skulu vera svo gerðir, að nægi umferð þeirri, sem er eða vænta má að verði um þá, að svo miklu leyti sem stjórn vegamálanna telur slíkt kleift.*“^{4E28} Samkvæmt þessum orðum hefur löggjafinn ekki talið ástæðu til að vera með frekari forskrift og setur málið í hendur ráðuneytis eða öllu heldur vegamálastjóra í reynd. Fyrri skilgreiningu veganna frá 1907 um flutningabrautir var breytt og þær felldar undir þjóðvegi og þar var um að ræða helstu vegi landsins alls 2.115 km^{4E29}. Þá var ákvæðið um að sýslurnar sæu um viðhald veganna endurskoðað og það verkefni fellt undir embættið. Þar með voru komnar forsendur fyrir stofnun eða fyrirtæki,



Sigurður Thoroddsen
landsverkfræðingur 1893-1905.



Jón Þorláksson
landsverkfræðingur 1905-1917.



Geir Zoëga
vegamálastjóri 1917-1956.


sem hafði með að gera vegi vítt um landið og sinnti þeim bæði hvað varðar uppbyggingu, viðhald og umsjón sem veghaldari í líkingu við það hugtak sem nú er. Samt verður að taka fram, að embætti landsverkfræðings hafi rutt henni braut á allan hátt og þar var grundvöllurinn lagður, eins og stiklað hefur verið á hér fyrir.

Vegagerðin virðist hafa orðið til af samspili löggjafar og stjórnsýslu með forystu og framtaki þeirra, sem stjórnðu henni. Ekki er ósennilegt að áhugi og metnaður mikils þorra starfsmanna hafi þar einnig haft sitt að segja, enda lengst af engar efasemdir landsmanna um ágæti framkvæmda í vegamálum. Ef festa ætti eitthvert ár sem stofnár Vegagerðarinnar, sem fyrirtækisins sem við nefnum svo nú, er það mat undirritaðs, að árið 1924 stæði næst því. Um það mætti ef til vill hafa aðrar skoðanir, annað hvort af því menn yrðu ekki sammála þeim forsendum, sem greinarhöfundur hefur lagt til grundvallar hér á undan, eða finna aðrar haldbetri en höfundur hefur tekist. Frá árinu 1924 til 1994 hefur hún gengið í gegnum laga- og nafnbreytingar, sem eru utan efnis þessarar greinar.

Um stöðu Vegagerðarinnar má geta þess að hún hefur allt til þessa dags þróast í takt við breytta tíma til að sinna því hlutverki, sem fyrir hana var lagt formlega 1924 og stöðugt hefur verið bætt við vegum í verkahring hennar og nú, árið 2005, er hið almenna vegakerfi um landið vítt og breitt komið í umsjón hennar og telur það alls 12.990 km^{v30}. Vinna við framkvæmdir hefur seinustu tvo áratuginna færst stöðugt meir til aðila utan stofnunar, svokallaðra verktaka, en Vegagerðin er verkkaupi eins og það heitir nú. Hönnun er þó í töluverðum mæli enn hjá stofnuninni, sem hefur verið lengst af í forystu bæði tækni- og framkvæmdalega í uppbyggingu vegakerfisins. Þá hafa henni verið sett fyrir alveg ný verkefni, eins og umsjón ferjureksturs, en ekki er ástæða að ræða frekar hér. Því verður að telja að vel hafi tekist til með stofnunina og forvera hennar allt frá tíð fyrsta „verkfróða mannsins“, þrátt fyrir allar þær miklu breytingar, sem þjóðlífið tók seinustu öldina.

Heimildir:

- A: Stjórnartíðindi 1891 A, fjárlög fyrir árin 1892 og 1893, til vegabóta: 1) bls. 94
- B: Stjórnartíðindi 1893 A, fjárlög fyrir árin 1894 og 1895, til vegabóta: 2) bls. 94
- C: Stjórnartíðindi 1901 A, fjárlög fyrir árin 1902 og 1903, til vegabóta: 3) bls. 138
- D: Frumherjar í verkfræði, Rit I í ritröð VFÍ, 2002, Sveinn Þórðarson: 4) bls. 21, 24) bls. 89, 29) bls. 89
- E: Þjóðlífsþættir, Páll Þorsteinsson, Bókaútg. Örn og Örlygur 1978: 5) bls 93-94; 21) bls. 95; 22) bls. 95; 25) og 26) bls. 94
- F: Stjórnartíðindi 1894 A, 6. grein: 6) bls. 64
- G: Stjórnartíðindi 1894 A, 7. grein: 7) bls. 64
- H: Stjórnartíðindi 1907 A, 7. grein: 8) bls. 346
- I: Stjórnartíðindi 1907 A, 15. grein: 9) bls. 350
- J: Stjórnartíðindi 1907 A, 28. grein: 10) bls. 354
- K: Vega- og brúargerðir, grein í Tímariti VFÍ 1963 eftir Snæbjörn Jónasson: 11) bls. 88
- L: Alþingistíðindi 1917 A, Vegabætur: 12) bls. 54
- M: Vitar á Íslandi, Guðm. Bernóðusson o. fl., Siglingastofnun Ísl., Kópavogur 2002: 13) bls. 61
- N: Stjórnartíðindi 1915 A, fjárlög fyrir árin 1916 og 1917, 13. grein B og E: 14) bls. 47 og 53
- O: Stjórnartíðindi 1917 A, fjárlög fyrir árin 1918 og 1919, 13. grein B og E: 15) bls. 169 og 177
- P: Verkfræðingatal, Jón Vestdal, VFÍ gaf út MCMLXXXI: 16) bls. 490
- Q: Stjórnartíðindi 1916 B: 17) bls. 421
- R: Stjórnartíðindi 1918 B: 18) bls. 160
- S: Alþingistíðindi 1918 A, greinargerð: 19) bls. 87
- T: Stjórnartíðindi 1919 A, 1. og 2. grein: 20) og 23) bls. 192-5
- U: Stjórnartíðindi 1924 A, 7. grein: 27) og 28) bls. 79
- V: Samtal við Eymund Runólfsson hjá Vegagerðinni: 30)



Auglýsingar útboða

Hringvegur (1), hringtorg við Norðlingavað 04 -044

Vegagerðin og Reykjavíkurborg óska eftir tilboðum í verkið „Hringvegur (1), hringtorg við Norðlingavað.“

Helstu magnþölur eru:

Skeringar í laus jarðlög	12.000 m ³
Fyllingar og burðarlög	16.000 m ³
Malbik	11.000 m ²
Tvöföld klæðing	7.000 m ²
Ein undirgöng úr stálplötum.	

Verki skal að fullu lokið 15. september 2005.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með þriðjudeginum 17. maí 2005. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sama stað fyrir kl. 14:00, þriðjudaginn 31. maí 2005 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.



Mæliskvarði 0 50 100 150 200 250 m

Hringvegur (1), hringtorg við Norðlingavað

Í þessu tölublaði auglýsir Vegagerðin og Reykjavíkurborg útboð á gerð hringtorgs á Hringvegi við Norðlingavað sem er tenging inn í austurhluta nýja hverfisins sem kennt er við Norðlingaholt. Jafnframt fækkar öðrum tengingum inn á Hringveg á þessu svæði og eykur það umferðaröryggi til muna.

Hringtorgið er um 800 m austan við hringtorg við Breiðholtsbraut. Það verður ein akrein með ytri radíus 24 m. Í útboðinu eru auk hringtorgsins eftirtaldir verkhlutar:

- Aðlögun Hringvegar á um 190 m kafla í hvora átt frá hringtorgi.
- Gerð Norðlingavaðs sunnan Hringvegar milli hringtorgs og Mánatorgs um 210 m.
- Gerð Hesthúsavegar norðan Hringvegar frá hringtorgi um 190 m.
- Klæðing á núverandi Hesthúsaveg að Almannadalsvegi.
- Götulýsing vegna áður nefndra vega auk lýsingar á Hringvegi að hringtorgi við Breiðholtsbraut.
- Gerð undirganga og stígs undir Hringveg fyrir gangandi umferð. Um er að ræða um 24 m löng og 4 m breið göng úr stálplötum og um 120 m langan gangstíg.

- Landmótun við og í næsta nágrenni við vegi, stíga og undirgöng.
- Lagning kaldvatnslagnar fyrir Orkuveitu Reykjavíkur. Lagning röra fyrir Orkuveitu Reykjavíkur og Landssíma Íslands.


1.áfangi. Vinna hefst á svæðinu. Unnið er utan núverandi akstursleiða. Vinna við Norðlingavað hefst ásamt gerð bráðabirgðavega. Bráðabirgðaleið um bráðabirgðavegi og Norðlingavað skal vera fullbúin í þessum áfanga. Einnig hefst vinna við lagnir veitufyrirtækja.

2. áfangi. Bráðabirgðaleið um Norðlingavað er tekin í notkun. Í þessum áfanga er gerð undirganga, hringtorgs, Hesthúsavegar og aðlögun Hringvegar ásamt vinnu við lagnir veitufyrirtækja og veglýsingu. Í lok áfangans skulu allar akstursleiðir vera fullkláraðar.

3.áfangi. Umferð hleypt á hringtorgið og allar akstursleiðir opnar. Afleggjara af Hringvegi að Fjárborgum um 700 m austan við hringtorgið er lokað til frambúðar. Unnið er að gerð gangstígs og upprifi bráðabirgðavega. Gengið er frá svæðum utan vega.

Verkinu skal að fullu lokið 15. september 2005.

göng



		Linuhönnun VEGAGERÐIN		Hringvegur 1 Hringtorg við Norðlingavað Yfirritamynd		Málsgg V VRHN-02
		DÍKSKIFTING NAFN TÁRÁÐ Mær 2004 HÖF TÖRVAÐ Apríl 2005 HÖF YFIRÁRÁÐ 02.05.2005 HÖRÁÐ		REYKJAVÍKURBORG		1-02
Bl. 01/02		Bl. 01/02		Málsgg V 1.2800		bl. 2

Niðurstöður útboða

Þessar niðurstöður voru birtar í síðasta tölublaði en þá vantaði neðstu línuna. Allur listinn er því birtur hér að nýju.

Festun og yfirlögn á Norðvestur- svæði 2005 – 2006

05-016

Tilboð opnuð 2. maí 2005. Festun vege með froðubiki eða bikþeytu og lögn tvöfaldrar klæðingar á Norðvestur-svæði á árunum 2005 og 2006. Um er að ræða alls 53,6 km á 25 vegarköflum.

Helstu magntölur eru:

Festun með froðubiki eða bikþeytu

Árið 2005186.000 m²

Árið 2006176.000 m²

Tvöföld klæðing

Árið 2005183.000 m²

Árið 2006174.000 m²

Verklök verkhluta eru 1. september hvort ár.

A Froðubik

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
5 Klæðning ehf., Kópavogi	249.392.540	123,2	77.525
4 Arnardalur sf., Kópavogi	237.686.694	117,4	65.819
3 Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas, Hafnarfirði	224.227.100	110,8	52.359
--- Áætlaður verktakakostnaður	202.414.237	100,0	30.546
2 Árni Helgason ehf., Ólafsfirði	174.113.900	86,0	2.246
1 Borgarverk ehf., Borgarnesi	171.867.857	84,9	0

B Bikþeyta

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
5 Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas, Hafnarfirði	219.256.280	104,6	40.929
4 Klæðning ehf., Kópavogi	214.439.850	102,3	36.113
--- Áætlaður verktakakostnaður	209.620.711	100,0	31.294
3 Arnardalur sf., Kópavogi	192.490.834	91,8	14.164
2 Árni Helgason ehf., Ólafsfirði	178.956.200	85,4	629
1 Borgarverk ehf., Borgarnesi	178.326.805	85,1	0

Festun og yfirlögn á Norðaustur- svæði 2005-2006

05-008

Tilboð opnuð 10. maí 2005. Festun vege með froðubiki eða bikþeytu og lögn tvöfaldrar klæðingar á Norðaustur-svæði á árunum 2005 og 2006. Um er að ræða 50,4 km á 17 vegarköflum og 0,9 km af þurrfræsingu á 5 vegköflum.

Helstu magntölur eru:

Festun með froðubiki eða bikþeytu

Árið 2005:170.100 m²

Árið 2006:186.900 m²

Þurrfræsun:

Árið 2005: 6.000 m²

Tvöföld klæðing

Árið 2005:176.100 m²

Árið 2006:186.900 m²

Verklök áfanga eru 1. september hvort ár.

A Froðubik

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
4 Klæðning ehf., Kópavogi	253.941.126	132,3	85.780
3 Hlaðbær Colas hf., Hafnarfirði	225.522.900	117,5	57.362
--- Áætlaður verktakakostnaður	191.955.000	100,0	23.794
2 Borgarverk ehf., Borgarnesi	173.789.250	90,5	5.629
1 Árni Helgason, Ólafsfirði	168.160.720	87,6	0

B Bikþeyta

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
--- Áætlaður verktakakostnaður	242.172.000	100,0	46.465
4 Klæðning ehf., Kópavogi	237.755.040	98,2	42.048
3 Hlaðbær Colas hf., Hafnarfirði	228.588.900	94,4	32.882
2 Borgarverk ehf., Borgarnesi	201.136.250	83,1	5.429
1 Árni Helgason, Ólafsfirði	195.707.120	80,8	0

Hvammavegur, slitlagsendi - virkjun

Í þessu blaði er auglýst útboð vegagerðar á hluta Hvammavegar sem liggur frá Aðaldalsvegi að Laxárvirkjun. Framkvæmdin er kynnt í sérstakri skýrslu sem hægt er að nálgast á vef Vegagerðarinnar. Slóðin er:

http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/pages/fr_kynning_framkv_ne.html

Nánar tiltekið er ætlunin að styrkja og leggja bundið slitlag á um 3,56 km langan kafla á Hvammavegi (853) og Staðarbraut (854) í Aðaldælahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu. Framkvæmdin er kennd við Hvammaveg en skiptist í; annarsvegum 2,3 km eftir Hvammavegi, frá núverandi slitlagsenda við Reynisstað að vegamótum við Staðarbraut, og hinsvegar í 1,3

Kringlumýrarbraut (40) - Miklabraut (49), breikkun gatnamóta, eftirlit

05 - 022
Tilboð opnuð 10. maí 2005. Eftirlit með breikkun gatnamóta Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar. Framkvæmd verksins hefur verið boðin út og er gert ráð fyrir verklokum 29. ágúst 2005. Val bjóðanda fer fram á grundvelli hæfnisvals og verðs og bar bjóðanda að leggja fram tilboð sitt í tveimur hlutum, þ.e. upplýsingar um hæfni bjóðanda og verðtilboð.

Bjóðandi (eftir stafrófsröð)

Almenna verkfræðistofan
Fjölhönnun hf., verkfræðistofa, Reykjavík
Hnit hf., verkfræðistofa, Reykjavík
Hönnun ehf., Reykjavík
VSÓ ráðgjöf, Reykjavík

Auglýsingar útboða

Hvammavegur (853), slitlagsendi - virkjun

05-028
Vegagerðin óskar eftir tilboðum í endurbyggingu á 3,6 km löngum kafla Hvammavegar og Staðarbrautar í Aðaldal, frá slitlagsenda við Reynistað að Laxárvirkjun.


Helstu magnbólur eru:

Fylling og fláafleygar	13.400 m ³
Skering í laus jarðlög	4.600 m ³
Ræsalögn	12 m
Neðra burðarlag	9.600 m ³
Efra burðarlag	5.550 m ³
Tvöföld klæðing	21.600 m ²
Frágangur fláa	35.900 m ²

Verkinu skal að fullu lokið fyrir 1. september 2005.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Miðhúsavegi 1 á Akureyri og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með þriðjudeginum 17. maí 2005. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 31. maí 2005 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.



km eftir Staðarbraut frá vegamótum við Hvammaveg að slitlagsenda við Laxárvirkjun. Framkvæmdin liggur um lönd Reynisstaðar, Miðhvamms, Hrauns, Brekku, Klambra og Presthvamms. Áætlað er að framkvæmdir hefjist vorið 2005 og standi yfir í tvo mánuði. Áætluð verklok eru haustið 2005.

Tilgangur framkvæmdarinnar er að bæta vegasamband á Hvammavegi og Staðarbraut.

Markmiðið er að auka umferðaröryggi og tryggja greiðari samgöngur í Aðaldal. Vegurinn verður með bundu slitlagi og hannaður fyrir 80-90 km/klst hámarkshraða.

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.

Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaiddar.

Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
05-029 Hringvegur (1), við Borgarnes, tenging við Digranesgötu	05
05-030 Snæfellsnesvegur (54), um Grundarfjörð, öryggisaðgerðir	05
05-027 Lagfæring axla á Hafnarfjarðarvegi	05
05-025 Yfirlagnir á Suðursvæði, malbik	05
05-019 Efnisvinnsla á Norðvestursvæði 2005-2006, vesturhluti	05
05-003 Reykjanesbraut (41), Laugarnesvegur - Dalbraut (færsla Sæbrautar)	05
03-009 Reykjanesbraut (41), Fífuhvamsvegur - Kaplakriki	05
03-092 Reykjanesbraut (41), Fífuhvamsvegur - Kaplakriki, eftirlit	05
04-006 Hringvegur (1) um Norðurárdal í Skagafirði	05
00-054 Hallsvetur (432), Fjallkonuvegur - Víkurvegur	05
04-072 Garðskagavegur (45) um Ósaboðna	05
Auglýst útboð	Auglýst: Opnað:
05-010 Yfirlagnir á Suðursvæði 2005-2006, klæðing	17.05.05 31.05.05
04-044 Hringvegur (1), hringtorg við Norðlingavað	17.05.05 31.05.05
04-028 Hvammavegur (853), slitlagsemi - virkjun	17.05.05 31.05.05
05-023 Festun og yfirlögn á Suðursvæði og Suðvestursvæði 2005-2006	09.05.05 24.05.05
05-024 Efnisvinnsla á Suðursvæði 2005	09.05.05 24.05.05
04-004 Útnesvegur (574), Gröf - Arnarstapi	09.05.05 24.05.05
05-002 Yfirlagnir á Suðvestursvæði 2005, malbik	09.05.05 24.05.05

Auglýsingar útboða

Yfirlagnir á Suðursvæði 2005-2006, klæðing 05-010

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í yfirlagnir með klæðingu á Suðursvæði á árunum 2005 og 2006. Um er að ræða alls 65 km af yfirlögnum.

Helstu magntölur eru:

Einföld klæðing

Árið 2005155.000 m²

Árið 2006250.000 m²

Verklök verkhluta eru 1. september hvort ár.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Breiðumýri 2 á Selfossi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með þriðjudeginum 17. maí 2005. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 31. maí 2005 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Auglýst útboð, framhald	Auglýst:	Opnað:
05-021 Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2005, norðurhluti	09.05.05	24.05.05
05-006 Yfirlagnir á Suðvestursvæði, klæðing	02.05.05	17.05.05
04-071 Auðsholtsvegur (340), Skeiðavegur - Syðra Langholt	02.05.05	17.05.05
05-007 Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2005, austurhluti	02.05.05	17.05.05
05-009 Ólafsfjarðarvegur (82) á Lágheiði	02.05.05	17.05.05
05-018 Yfirlagnir á Norðvestursvæði 2005-2006, norðurhluti	02.05.05	17.05.05
Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
05-022 Kringlumýrarbraut (40) - Miklabraut (49), breikkun gatnamóta, eftirlit	25.04.05	10.05.05
05-017 Yfirlagnir á Norðvestursvæði 2005-2006, vesturhluti	25.04.05	10.05.05
05-008 Festun og yfirlögn á Norðaustursvæði 2005	25.04.05	10.05.05
05-004 Kringlumýrarbraut (40)- Miklabraut (49), breikkun gatnamóta	18.04.05	03.05.05
05-016 Festun og yfirlögn á Norðvestursvæði 2005-2006	18.04.05	03.05.05
05-015 Sérmerkingar á Suðvestursvæði 2005	04.04.05	19.04.05
Samningum lokið	Opnað:	Samið:
05-013 Hringvegur (1) um Eldvatnsbotna 2005 Rósaberg ehf.	12.04.05	03.05.05

Niðurstöður útboða

Yfirlagnir á Norðvestursvæði 2005-2006, vesturhluti 05-017

Tilboð opnuð 10. maí 2005. Yfirlagnir með klæðingu á vesturhluta Norðvestursvæðs á árunum 2005 og 2006. Um er að ræða alls 163 km af yfirlögnum.

Helstu magntölur eru:

Einföld klæðing

Árið 2005 473.000 m²

Árið 2006 529.000 m²

Verklök verkhluta eru 1. september hvort ár.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
5	Hlaðbær Colas hf., Hafnarfirði	121.080.000	143,2	63.200
---	Áætlaður verktakakostnaður	84.524.551	100,0	26.645
4	Ræktunarsamband Flóa og Skeiða, Selfossi	68.800.000	81,4	10.920
3	Slitlag ehf., Hella	66.898.000	79,1	9.018
2	Borgarverk ehf., Borgarnes	64.760.000	76,6	6.880
1	Klæðning ehf., Kópavogi	57.880.000	68,5	0